

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 114/1967. **Ólafur Sigurðsson**
 gegn
Búðaósi h/f
 og **Gísla Indriðasyni**.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 1. ágúst 1967, sem Hæstarétti barst 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, vitninu Gísla Indriðasyni verði synjað að staðfesta vætti sitt og að varnaraðilja Búðaósi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Búðaós h/f krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi dómkröfur, og málsatvikum er eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómarinn hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. né 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Keflavíkur 18. júlí 1967.

Málavextir eru sem hér segir:

Í vitnaleiðslum þeim, sem fóru fyrir réttinum í bæjarþingsmálinu nr. 48/1966: Búðaós h/f gegn Ólafi Sigurðssyni, varð ágreiningur um, hvort heimila bæri vitninu Gísla Indriðasyni staðfestingar vættis síns með eiði eða drengskaparheiti fyrir dóminum.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitninu Gísla Indriðasyni yrði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði, en lögmaður stefnda mótmælti, og var ágreiningurinn lagður undir úrskurð dómarans, sem tók sér frest til þriðjudagsins 18. júlí til að kveða upp úrskurðinn.

Nefndur Gísli Indriðason var framkvæmdastjóri Búðaóss h/f á þeim tíma, er bílakaup þau urðu, er fyrrnefnt mál er sprottið af, en hefur nú látið af því starfi. Einnig á vitnið hlutabréf að nafnverði kr. 25.000.00 í fyrirtækinu, en alls mun innborgað hlutafé þess vera 1½—2 milljónir króna. Þá hefur lögmaður stefnanda lagt fram á þingmerktu dskj. nr. 15 skýrslu nefnds Gísla um starfrækslu stefnda hjá fyrirtækinu Búðaósi h/f. Einnig hefur verið lagt fram á dskj. nr. 12 bréf Gísla til lögmanns stefnda.

Mótmælti lögmaður stefnda eiðfestingu vitnisins á þeim forsendum, að vitnið sé viðriðið málið, þar sem það hafi á umræddum tíma verið starfsmaður stefnanda og að verulegt missætti hafi komið upp á milli vitnisins og stefnda, eins og fram komi á dskj. nr. 15.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að nefndur Gísli fengi að staðfesta framburð sinn fyrir dóminum á þeim forsendum:

1) Að vitnið sé ekki viðriðið málið í þeim skilningi 2. mgr. 1. tl. 127. gr. einkamálalaga, að synja beri því að staðfesta framburð sinn. Vitnið sé ekki í fjárhagslegum tengslum við stefnanda, ef frá séu taldar 25.000.00 krónur, hlutafé í fyrirtækinu.

2) Að ekkert það missætti sé á milli vitnisins og stefnda, sem geti haft áhrif á leyfi til staðfestingar. Á dskj. nr. 15 komi ekki annað fram en skýrsla vitnisins um, að stefndi hafi ekki fullnægt þeim vonum og skyldum, sem á hann hafi verið lagðar, auk rökstuðnings fyrir því.

3) Að vitnið hafi reynzt mjög stöðugt í framburði sínum.

Í 2. mgr. 1. tl. 127. gr., sbr. 2. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 er rætt um þá fjárhagslegu og siðferðislegu hagsmuni vitnis af málalokum, sem valdið geti því, að synja beri um staðfestingu fyrir dómi. Ef athugað er orðalag nefndrar lagagreinar, sést, að löggjafinn gerir nokkuð strangar kröfur til þess, að víkja beri frá þeirri almennu skyldu, að vitni sé heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, sbr. orðin „verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki“.

Eins og áður segir, var Gísli Indriðason forstjóri Búðaóss h/f, er viðskipti þau urðu, er þetta mál er sprottið af. Hann hefur nú látið af því starfi og á aðeins mjög lítinn hluta í fyrirtækinu. Hefur ekki komið fram, að hann eigi nokkrar aðrar fjárkröfur á hendur því eða það á hendur honum, sem máli skipta. Verður því ekki talið, að vitnið hafi slíka verulega fjárhagsmuni af málalokum, að synja beri því heimildar til staðfestingar á framburði sínum.

Eigi er heldur í ljós leitt neitt slíkt missætti milli vitnisins og stefnda, sem gæti haft áhrif á heimild þess til staðfestingar á framburði sínum fyrir dómi.

Með vísun til framanritaðs verða mótmæli stefnda gegn staðfestingu á framburði Gísla Indriðasonar fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Indriðasyni skal heimilt að staðfesta framburð sinn fyrir bæjarþingi Keflavíkur hinn 14. júlí s.l. fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti.

Úrskurðurinn var lesinn á dómþingi að viðstöddum lögmanni stefnda, Vilhjálmi Þórhallssyni hæstaréttarlögmanni.